



GJALDSKRÁ 2024

fyrir stofngjöld fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Strandabyggð

1. gr.

Sveitarstjórn Strandabyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Strandabyggð og hreinsun rotþróa í Strandabyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 808/2012 um fráveitur og meðhöndlun seyru í Strandabyggð.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja íbúð og sumarhús sem ekki er tengt fráveitu sveitarfélagsins skal vera eftirfarandi árlega kr. 17.345. Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.290.-

4. gr.

Tengigjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við fráveitu í eigu Strandabyggðarog skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir: Tengigjald fráveitu kr. 68.470.

Miðað er við að lóðarhafi leggi frárennsli að lóðarmörkum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra áhaldahúss Strandabyggðar.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Ákvörðun um fráveitugjald samkvæmt 2. grein er tekin árlega af sveitarstjórn samhliða ákvörðun um álagningarstuðla fasteignagjalda. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu grunnur 2021=100 og breytast samkvæmt henni árlega 1. janúar ár hvert. Gjöld fráveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

7.gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 12. desember 2023. Staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4.gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um fráveitugjald og rotþróargjald í Strandabyggð nr. 215/2021.

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 12. desember 2023. Gildir frá og með 1. janúar 2024



STRANDABYGGÐ

BÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÓGANDI BÓÐAÐL OG ÍSA ALDUBTREGI

Þorgeir Pálsson, Sveitarstjóri